

## **Fundargerð, 96. Fundur Menningarfélagsins Bergs ses.**

96. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi 3. September 2020, fundur hófst 08.30.

Mættir: Freyr Antonsson, Gunnþór E. Gunnþórsson og Björk Hólm Þorsteinsdóttir. Freyr og Björk stýrðu fundi. Björk Hólm ritaði fundargerð.

### **Dagskrá.**

#### **Stuttur stöðufundur um stöðu mála og ráðningar.**

Starf umsjónarmanns var auglýst til umsóknar og alls bárust tvær umsóknir um starfið. Tekin var ákvörðun um að fresta ráðningu starfsmanns fyrir húsið þar til aðstæður í þjóðfélaginu skýrast.

Ákveðið að bjóða upp á lágmarkspjónustu á kaffihúsi og reyna að hafa sem mest í sjálfsafgreiðslu á meðan óvissa ríkir um ástand heimsfaraldurs og áhrif hans á veitingarekstur.

Mikilvægt að hægt verði að kaupa kaffi og einhverjar litlar veitingar þegar það er opið í húsinu.

Forstöðumanni falið að finna einhverja útfærslu á því máli.

Ljóst er að aðstæður í samfélaginu geta breyst með litlum fyrirvara og mikilvægt að starfsemin sé viðbúin því að aðlaga sig breyttum aðstæðum miðað við gildandi takmarkanir hverju sinni.